

# Sigríður Helgadóttir

## í Birtingarholti

Frá því er jeg fyrst man eftir mjer, vissi jeg, að jeg átti föðursystur í Birtingaholti, sem gat ekki talað, og mjer fanst, að hún myndi eiga ósköp bág. Hún hafði verið framúrskarandi efnilegt barn að öllu leyti, en svo veiktist hún á öðru ári af heilabólgu, sem svifti hana bæði heyrn og máli. Mjer varð oft hugsað til hennar og þótti hún hafa orðið útundan í lífinu.

Þegar jeg var 11 ára, fjekk jeg að fara að Birtingaholti og sá hana þá í fyrsta sinni. Jeg skildi lítið af því, sem hún var að reyna að segja, en frá henni lagði svo hreina og bjarta ástúð, að hún gagnatók mig alveg. Sígga, frænka mín, var alt öðru vísi en jeg hafði haldið. Hún var glöð og hló, en í augunum og svipnum brá þó jafnframt fyrir sársauka, eins og eitthvað hefði brostið hið innra með henni. Hún laðaði okkur systkinin að sjer þegar í stað, og jeg veit, að ekkert haggaði síðan trygð hennar. Það var gott að vera hjá henni, eins og sól skini á okkur frá bláum himni. Við skildum líka það, sem okkur var mest um vert. Enginn gat sagt skýrar en hún: Mjer þykir vænt um ykkur. Mjer þykir gaman að hafa ykkur hjerna hjá mjer.

Síðan eru liðnir áratugir, og margt hefir breytst, en mynd hennar er enn hin sama í huga mjer.

Æfi hennar varð ærið fábrotin að ytra hætti. Hún ól allan aldur sinn að kalla á sama stað. Hún var fædd í Birtingaholti 11. sept. 1870, og þar andaðist hún 13. febr. Mentun fjekk hún svo góða, sem kostur var, hjá ágætum foreldrum og í glæsilegum systkinaflokki, og mótaðist við það skapgerð hennar með líkum hætti og hinna barnanna. Viljaþróttur hennar var svo mikill og athyglin næm, að hún fylgdist undravel með því, sem fram fór í kringum hana. Hún naut í þrjú ár kenslu í Daufdumbraskóla, fyrst hjá sjera Ólafi Helgasyni í Gaulverjabæ og síðar hjá sjera Gísla Skúlasyni á Stóra-Hrauni. Sóttist henni námið hið besta. Fingramálið, sem hún lærði, notaði hún mjög lítið, en komst aðdánlega vel upp á það að sjá, hvað talað var við hana, og talaði nokkuð sjálf á ófullkomnu máli. Sjera Valdimar Briem fermdi hana, en systir hennar á líkum aldri túlkaði svör hennar. Hún var gáfuð kona og prýðilega verki farin. Vinnan var aðalskemntun hennar um æfina, og var hún sívinnandi af óþreytandi kappi og vandvirkni. Birtingaholtshemilið naut allra starfa hennar. Langmesta yndi hennar var það, hve öll börn, sem með henni voru, hændust að henni og elskuðu hana. Þau lærðu svo fljótt að tala við hana og skilja hana, og það ljetti henni lífið mikið. Börn Ágústs bróður hennar ólust upp með henni og



svo börn yngsta sonar hans. Hún tók ástfóstri við þau, og öll elskuðu þau hana eins og eldri systur eða góða móður; svo reyndist hún þeim hverja stund. Hún var hvers manns hugljúfi, sem kyntist henni, því að hún var sjálf öllum góð.

Þess vegna var innra líf hennar auðugt og hún mikil gæfukona þrátt fyrir þann harm, sem hún bar í hljóði. Hún kvartaði aldrei yfir hlutskifti sínu, heldur ljetað það verða sjer hvöt til þess að leita hærra og herra. Hógværð hennar var altaf hin sama. Að því skapi sem henni veittist erfiðara að njóta fulls samfélags við aðra, því heitar brann hjarta hennar af kærleika til þeirra. Kærleiki hennar var svo máttugur og trú á Guð, að bøl hennar sneist í blessun. Hún var ekki eitt af olnbogabörnum þessarar jarðar, heldur í flokki þeirra, sem sagt var um: „Sælir eru“.

Mestallar eigur sínar gaf hún eftir sinn dag í sjóð til styrktar málleysingjum og nokkura fjárhæð til þess að rækta skóg í brekkunni fyrir ofan bæinn í Birtingaholti. Hún horfði fram á viðskilnaðinn við þetta líf sömu róseminni og traustinu og faðir hennar hafði gjört, þegar hún var ung. Móðir hennar hafði beðið hann að skila kveðju til barnanna þeirra, sem á undan voru komin, og þá hafði hann sagt alveg rólega og hikaust, eins og hann væri að fara til næsta bæjar: „Jeg skal minnst þess, Guðrún mín“. Þannig hugsaði hún um það síðast, óttalaus og glöð, hversu gott myndi verða að fá að koma heim til pabba og mómmu og allra systkinanna, sem á undan væru farin; það myndi verða líkt og á jolum, og þá myndi hún geta farið að tala og heyra til annara og ef til vill geta sungið líka. Blessandi hefir hún skilið við Birtingaholt og alla þar, einkum mágkonu sína og bróður, sem stendur einn þar eftir, er þau voru 14 áður systkinin.

Mikið fjölmenni safnaðist saman að Hrepphólaakirkju til jarðarfarar Sigríðar 23. febr. og voru flutt þar kveðjuljóð þau er hjer fara á eftir.

Ásmundur Guðmundsson.

## Kveðjuorð

Frænka mín góð, jeg kem að að kveðja þig, jeg kem og vildi þakka fyrir mig. Hjá ykkur átti sál mín sumarland, sem seinni tímar aldrei vinna grand.

Birthingaholt var hjart og hlýtt í senn. Þar bjuggu góðir, sannir, vitrir menn, og konurnar með kærleikselld í sál með kærleik leystu sjerhvert vandamál.

Þar var svo gott að gleðjast eins og barn og gleyma því, að til er nokkurt hjarn. Við lifðum þar við ljóðahreim og blóm, sem litu aldrei nokkurn skapadóm.

Og þú varst ein í þessum friða hóp, sem þetta glaða höfðingssetur skóp. Þar íslensk menning átti æðstu völd, og allir báru hreinan, fægðan skjöld.

Í augum þínum bjó hið blíða mál, sem birti þína fögru, hreinu sál. Við þurftum engin orð — jeg skildi þig, og enginn hefur heitar blessað mig.

Þú varst svo góð, þú varst svo blíð og heit, að vissi' eg engan betri í minni sveit. Þú vildir allra bæta mein og bøl og barst í hljóði þína eigin kvöl.

Því bág á sá, sem hvorki á heyrn nje mál, en hefur fengið stóra, ríka sál, sem vildi fegin faðma alt á jörð og flytja Guði lof og þakkar-gjörð.

Jeg kveð þig ei svo hlýtt, sem hæfir þjer, en hjartans bænir þigðu samt frá mjer og þakkir fyrir blíðubrosin þín. Guð blessi þig um eilífið, frænka mín.

Guðrún J. Erlings.

# Haukur Oddsson

## frá Hrísey

F. 20. jan. 1912. D. 11. ág. 1941.

SÚ fregn barst hingað fyrir all-löngu frá Danmörku, að Haukur Oddsson frá Hrísey væri látinn á heilsuhælinu í Sölleröd við Kaupmannahöfn. Þótt langvinn veikindi hafi búið ættingja hans og vini undir það, sem nú er fram komið, er þetta mikil harmafregn, því að ættingjar eiga að sjá á bak glæsilegum æskumanni og ástvini, og vinir hans og skólasystkini hafa mist góðan dreng úr hópnun.

Haukur heitinn var fæddur 20. janúar 1912 í Hrísey í Eyjafirði. Faðir hans var Oddur Sigurðsson skipstjóri frá Látrum í Pingeyjarsýslu, sonur Sigurðar Stefáns sonar bónda þar. Móðir hans, sem enn er á lífi, er Sigrún Jörunds-dóttir, dóttir Jörundar Jónssonar í Hrísey, sem mikill ættbogi er kominn frá og margir kannast við.

Þegar Haukur kom í Gagnfræðaskólann á Akureyri haustið 1928, bar strax á miklum gáfum og dugnaði hjá honum, og var hann alla sína skólatíð ýmist efstur í bekk, eða með þeim efstu. Hann tók þar gagnfræðapróf vorið 1930. Um haustið fór hann suður til Reykjavíkur og settist í stærðfræðideild Mentaskólans. Las 5. bekk utan skóla sumarið 1931, og tók stúdentspróf vorið eftir. Það haust sigldi hann til Kaupmannahafnar, innritaðist í Tekniska háskólann og hóf nám í verkfræði.

Jafnframt námi sínu tók hann mikinn þátt í fjelagslífi stúdenta í Höfn, og var um skeið í stjórn fjelags þeirra. Hann var frjálslýndur í skoðunum og umburðarlýndur.

Sumarið 1935 kendi hann fyrst þess krankleika, sem leiddi hann til bana: berkla í lungum. Tveir bræður hans voru þá þegar dánir af völdum sama sjúkdóms. Hann lá fyrst á sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn, en dvaldi síðan á heilsuhælinu í Sölleröd. Þar hrestist hann það mikið, að hann fór þaðan um tíma, en var samt kominn þangað aftur, er dauðann bar að höndum, hinn 11. ágúst síðastliðinn.

Í janúar 1938 kvæntist hann danskrí konu, Ketty Clausen að nafni, sem lifir mann sinn. Þann tíma, sem hann dvaldi á heimili sínu, naut hann hinnar ástrikustu umönnunar konu sinnar, og vafalaust urðu honum seinustu stundirnar, sem hann lifði, á margan hátt bjartari og hlýrri fyrir aðhlynningu hennar.

Haukur var óvenjumiklum gáfum gæddur og mannkostum, enda mjög vinsæll. Jeg ætla að hverjum manni hafi þótt vænt um hann sökum göfugmensku hans, sem kyntist honum að nokkru ráði. Hann var kátur í vinahóp en alvörugefinn undir niðri, en glaðverð hans var kesknislaus og alvara án þykkju. Hann var því geðprúður og dagfarsgóður með afbrigðum. Sjúkdóm sinn bar hann með æðrulausri karlmensku, eins



og hans var von og vísa, og skapstilling hans breyttist aldrei.

Hann lætur ekki eftir sig neinar reistar hallir nje unnin stórvirki; ekki er samt ólíklegt, að það hefði getað orðið, hefði honum enst aldur og heilsa til. En hann lætur ættingjum sínum og vinum eftir kærar minningar um göfugmennni og góðan dreng.

B. E.

## Sólveig Björnsdóttir

FRAMH. AF BLS. 9.

og var síðar kennari yfir 20 ár í finum hannyrðum við þann skóla. Erlendis dvaldi hún og við nám nokkrum sinnum.

Sólveig Björnsdóttir unni heimili sínu, áttögum, landi og þjóð af heilum hug og vildi sóma þess í hvívetna. Hve mikið samband var á milli þessarar djúpu tilfinningar og listhneigðar hennar, brestur mig vit til að dæma um. En vinkona hennar hefir sagt mjer, að Sólveigar kærasta hugðarefni hafi verið að fegra ísl. kvenbúninginn og gjöra hann sem hentugastan til að sýna tign og fegurð ísl. konunnar.

Baldýringin og annar gamall saumur, voru henni fagrar minjar um aldagamlan ísl. hagleik og menningu. Með honum hafði konan skreytt hóbýli sín og klæði. Hannyrðirnar höfðu verið ísl. konunni í fábreytni lífsins og andstreymi, „helgra kvelda jólaeldur“.

Með Sólveigu Björnsdóttur er gengin göfug kona og hennar ljúft að minnst.

Bjarni Thorarensen segir í hinu ágæta kæði um Rannveigu Filippusdóttir:

Nú hvílir þú vinkona mín og frændkona „við sundin blá“, við hlið móður þinnar og systra, á þeim stað, sem þjer var kærastur allra.

Heimilisræktin og áttaga-trygðin voru ef til vill sterkustu þættirnir í sálarlífi þínu. Biðjum Guð að þesar dygðir megji blómgast í hugum ísl. kvenna og karla í framtíðinni.

St. H.